

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 9. febrúar 2010 í máli nr. E-9776/2009:

Björgólfur T. Björgólfsson

(Þórunn Guðmundsdóttir hrl.)

gegn

Gunnari Erni Jónssyni og

Óskari Hrafni Þorvaldssyni

(Daniel Isebarn hdl.)

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 28. janúar sl., er höfðað af Björgólfi T. Björgólfssyni, til heimilis í Bretlandi, með stefnum birtum 4. september 2009, á hendur Gunnari Erni Jónssyni, Rjúpufelli 5, Reykjavík og Óskari Hrafni Þorvaldssyni, Austurströnd 2, Seltjarnarnesi, til refsingar vegna meiðyrða, til ómerkingar ummæla, til greiðslu miskabóta og til greiðslu kostnaðar vegna birtingar á dómi og til greiðslu málskostnaðar.

Stefndu hafa krafist sýknu af kröfum stefnanda.

Við fyrirtöku málsins 12. janúar sl., lagði lögmaður stefndu fram eftirfarandi bókun:

1. *Af hálfu stefndu er þess krafist að þeir fái að leiða fyrir dóminn til skýrslugjafar vitni sem gefa muni skýrslu (a) einslega fyrir dómara í málinu og votti og (b) án þess að nafn vitnisins verði tilgreint í dómi eða gefið upp öðrum en dómara í málinu og votti.*

2. *Af hálfu stefnda er skorað á stefnanda að gefa skýrslu fyrir dómi og upplýsa um fjármunaflutninga sína haustið 2008 og önnur atriði er málinu tengjast.*

Lögmaður stefnanda mótmælti kröfu stefndu samkvæmt 1. lið bókunar, en kvað stefnanda ekki hafa tekið ákvörðun um hvort hann yrði við áskorun stefnanda um að gefa skýrslu fyrir dómi.

Var krafist úrskurðar dómara um framkomna kröfu samkvæmt fyrri lið bókunar stefnda. Var lögmonnum gefinn kostur á að reifa sjónarmið sín og lagarök varðandi kröfu þessa í þinghaldi 28. janúar sl. og krafan að því búnu tekin til úrskurðar.

II

Lögmaður stefndu kveður að þau ummæli sem krafist er ómerkingar á, hafi stefndu byggt á upplýsingum frá heimildarmanni. Stefndu eigi afar brýna hagsmuni af því að heimildarmaður þessi gefi skýrslu um málsatvik fyrir dómnum, en hann hafi tjáð stefndu að hann muni ekki gefa skýrslu fyrir dómnum, nema slík skýrslugjöf fari fram einslega fyrir dómara og þá án þess að nafn vitnisins verði tilgreint í dómi eða gefið upp öðrum en dómara og votti. Telji heimildarmaðurinn að fjárhagslegum hagsmunum hans, félagslegum sem og hagsmunum sem tengist atvinnufrelsi verði stefnt í hættu ef hann gefi skýrslu í heyranda hljóði fyrir dómnum. Kveða stefndu kröfu þessa eiga sér stoð í ákvæðum laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, sem beitt verði um málsefnið með löggjöfnun, einkum í ljósi þess að málið sé m.a. höfðað til refsingar á hendur stefndu. Vísi stefndu í þessu sambandi einkum til 107. og 8. mgr. 122. gr. laga nr. 88/2008, sem og undirstöðuraka XVIII. kafla laganna.

Telji stefndu sig ekki geta haldið uppi fullnægjandi vörnum í málinu verði krafa þeirra ekki tekin til greina og að með því væri vegið að brýnum hagsmunum þeirra, sem verndaðir eru með ákvæðum 70. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, sbr. stjórnskipunarlög nr. 33/1944 með síðari breytingum og 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr.62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu.

Stefnandi kveður að framkomin krafa stefndu eigi sér enga stoð í lögum, en hún brjóti hins vegar gegn mörgum ákvæðum íslenskra laga, sem og gegn ákvæðum mannréttindasáttmála Evrópu um réttláta málsmeðferð.

Þá bendir stefnandi á að ef stefndu telji sér ekki unnt að færa sönnur á ummæli þau sem krafist sé ómerkingar á, án þess að umrætt vitni gefi einslega skýrslu fyrir dómara, verði stefndu að bera á því ábyrgð.

III

Stefndu hafa krafist þess að fá að leiða fyrir dómnum til skýrslugjafar vitni sem muni gefa skýrslu einslega fyrir dómnum án þess að nafn vitnisins verði tilgreint í dómi, eða gefið upp öðrum en dómara og votti.

Fallist er á með lögmanni stefnanda að ekki verði séð að krafa þessi eigi sér nokkra stoð í lögum, en tilvitnuðum ákvæðum sakamálalaga nr. 88/2008 verður ekki beitt með löggjöfnun í málinu.

Krafan felur í raun í sér útilokun annarra en stefndu sjálfra til að spyrja vitni nokkurs sem máli getur skipt, enda er vitneskja aðila um nafn vitnis og tengsl þess við sakarefnið nauðsynleg forsenda þess að unnt sé að fá fram og staðreyna upplýsingar sem máli geta skipt fyrir málstað aðilans.

Ef fallist yrði á kröfuna væri aðilum máls þessa verulega mismunað og þannig brotið gegn rétti stefnanda til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi, sbr. 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Kröfunni er samkvæmt framangreindu hafnað.

Ingveldur Einarsdóttir héraðsdómari kveður upp þennan úrskurð.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu stefndu um að þeir fái að leiða fyrir dóminn til skýrslugjafar vitni sem gefa muni skýrslu (a) einslega fyrir dómara í málinu og votti og (b) án þess að nafn vitnisins verði tilgreint í dómi eða gefið upp öðrum en dómara í málinu og votti, er hafnað.

Ingveldur Einarsdóttir